



Frístundastyrkur barna 2016

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhreppar samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar s.l. að hækka frístundastyrk barna í 17.000 kr. fyrir árið 2016. Unnt er að sækja um frístundastyrk fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 16 ára aldurs. Sjá nánar á heimasíðu hreppsins www.svalbardsstond.is undir flípanum "Þjónusta/Íþróttá- og æskulýðsmál".

Næstu rusladagar

21. janúar - Endurvinnsla

28. janúar - Almennit sopp

11. febrúar - Almennit sopp

Þorrablot 30. janúar

Íbúar á Svalbarðsströnd og aðrir velunnarar sveitarinnar!

Verið velkomin á þorrablot laugardaginn 30. janúar 2016 í skólanum.

Húsið opnað kl. 19:30 með fordrykk og fjörið hefst kl. 20.30.

Miðapantanir fyrir 25. janúar á netfangið blot@svabardsstond.is eða í síma: 861-4331 (Halldór) 863-7400 (Elsa) 893-7294 (Gunnar)

Miðaverð er 3.500 kr.

Greiðslu er best að inna af hendi með innlögn í heimabanka:

Reikningsnúmer: 0162-26-075098 Kt. 681088-3939

Miðar verða afhentir þriðjudaginn 26. janúar kl. 19:30-22:00 á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps gegn framvísun á kvittun fyrir innlögn í heimabanka (einnig hægt að senda kvittun á blot@svabardsstrond.is) eða beinhörðum peningum.

HEFÐBUNDINN ÞORRAMATUR Í BOÐI KJARNAFÆÐIS

Hljómsveitin Næturvaktin heldur uppi geðveiku stuði fram eftir nóttu.

Rútuferð heim og til Akureyrar eftir ball.

Þetta verður geðveikt blót!

Árni - Bibbi - Gunnar - Elsa - Halldór - Helga - Hrafnís - Þóra

Litið um öxl

Guðmundur Benediktsson frá Breiðabóli segir frá sögu Svalbarðseyrar í Morgunblaðinu 15. ágúst 1980.

Svalbarðseyri mikil síldarsöltunarstöð upp úr aldamótum

“Fyrst byggt á Svalbarði 984”

Héðinn “hinn mildi” Þorbjarnarson byggði Svalbarð árið 984. Eftir að hann nefndi jörð sína Svalbarð, hefur eyrin við sjóinn hlotið nafnið Svalbarðseyri, en hún var hluti af Svalbarði frá fornu fari til ársins 1933, að hún er skilin frá jörðinni og verður eign Kaupfélags Svalbarðseyrar og er það enn. Margt merkra lögmanna og stórbænda bjó síðan á Svalbarði og tel ég ekki rétt að minnast á þá alla en vil þó segja frá Baldvín Jónssyni bónda og útgerðarmanni, sem þar bjó á árunum 1874-94. Baldvín stundaði jafnhliða búskap og sjósókn og átti í skiptum í félagið við aðra og var útgerðarstjóri þeirra. Það voru happaskip, sem þeir félagar áttu og aldrei urðu á þeim nein slys auk þess sem þau ölluðu vel. Baldvín setti sín skip og annarra upp á Svalbarðseyri. Þar stóðu oft á hlunnum fleiri skip en á Oddeyri, því það þótti hægara að koma þeim út af Svalbarðseyri, því oft var lagís á Akureyrarpollí og út fyrir tangann. Svalbarðseyri var löggilt verzlunarhöfn 1894 og þar hefur um langan aldur verið mikil viðskipta- og verzlunarmiðstöð, ekki aðeins fyrir Svalbarðsströnd, heldur einnig fyrir Þingeyjarsýslu og nálægar byggðir við Eyjafjörð. Árið 1887 kom Baldvín upp bryggju á Svalbarðseyri og var hún svo öflug að hafskip gátu lagst að henni. Kom hún að góðu gagni við uppskipun á vörum og útskipun, meðal annars á lifandi sauðum, sem seldir voru til Englands og voru helzta tekjulind bænda meðan á útflutningi þeirra stóð, eða til 1906.

Blómlegt atvinnulíf upp úr aldamótum

Íbúatala í Svalbarðseyrarhreppi hefur allengi verið um 250 manns og af þeim hafa um 50 manns búið á Svalbarðseyri sjálfri. Atvinnan hefur aðallega verið sjósókn og sú atvinna, sem Kaupfélagið veitir.

Útvegur var frá Svalbarðseyri og í lok síðustu aldar lögðu Norðmenn upp síld hér til söltunar. Síðan varð Eyrin mikil söltunarstöð, á tímabili eftir

1916 voru hér sjö söltunarbryggjur. Björn lögmaður Líndal átti þá Svalbarð og Eyrina. Hann hafði síldarsöltun við tvær bryggjur og tók síld til verkunar af mörgum skipum, en auk þess ráku tvö hlutafélög síldarsöltun á staðnum. Tekin var síld af línuveiðurum og togurum og sum sumrin munu hafa veirð saltaðar hér um þrjátíu þúsund tonn.

Veitti þetta fjölda manna atvinnu, bæði heimafólki og aðkomumönnum. Eftir ísaveturinn 1918, en þá skemmdust bryggjurnar í ísnum, fór að draga úr þessari starfsemi og lagðist hún loks niður 1932. Frystihús var byggt á staðnum 1929 af Svalbarði h/f til þess að frysta síld í beitu handa línuveiðurum syðra og ís handa ísfiskveiðurum. Kjötfrysting hefur veirð í húsinu frá 1933 og var lokið við að endurbyggja það að öllu leyti 1947. Í stað þeirra bryggja, sem brotnuðu í ísnum var árið 1950 byggð vönduð hafskipabryggja, sem stór flutningaskip geta lagst að, og 1951 var hafnarreglugerð fyrir Svalbarðseyri staðfest.

Kaupfélag Svalbarðseyrar stofnað 1889

Kaupfélag Svalbarðseyrar hefur allt frá stofnun þess, 1889, haft aðsetur á Svalbarðseyri. Það er eigandi staðarins og þeirra húsa, sem ekki eru í einkaeign.

Félagið var hreint pöntunarfélag fram til þess að það réði sér framkvæmdastjóra 1939 og opnaði sölubúð með fjölbreyttar vörur og fór að taka til söhmuðferðar flestar framleiðsluvörur bænda. Auk verzlunarstarfa við kaupfélagið er vaxandi vinna við fiskverkun, slátrun, kjötiðnað, kartöflurækt og verkun, fóðurlöndun, bifreiðaakstur og fleira. Útlit er fyrir að haldið verði hér áfram umbótum, svo væntanlega á Svalbarðseyri sér hjarta framtíð.”

Morgunblaðið, 182. tbl. (15.08.1980), bls. 10
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1530137

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 16. febrúar